

Barnaskólinn í Hafnarfirði



Samstarf við önnur skólastig, stofnanir og grenndarsamfélagið

Hér er kynnt það helsta samstarf sem Barnaskólinn á við umhverfi sitt í víðum skilningi, innan bæjarins sem utan.

Leikskólasamstarf

Barnaskólinn er í samstarfi við nágrannaskóla sinn, Leikskólann Hjalla. Samstarfið er í ýmsu formi en tengist að miklu leyti flutningi barna úr leikskólanum yfir á 5 ára kjarna í Barnaskólanum. Verðandi 5 ára börn koma reglulega í heimsókn yfir skólaárið, einkum þegar líða fer að vori. Starfsfólki leikskólans ber skylda til að miðla bæði nauðsynlegum og mikilvægum upplýsingum um barn til starfsfólks grunnskólans óháð því hvaða upplýsingar foreldrar vilji að fara á milli skólastiganna. Með því að tryggja virkt samráð milli starfsfólks leik- og grunnskóla, bæði almennt séð og um einstök börn má vinna að sem mestri samfellu í námi einstakra nemenda og efla nám barnanna á báðum skólastigum.

Um samstarf milli leik- og grunnskóla gilda eftirfarandi reglugerðir

- [Reglugerð nr. 896/2009 um skil og miðlun upplýsinga milli leik- og grunnskóla.](#)
- [Reglugerð 897/2009 um miðlun og meðferð upplýsinga um nemendur í grunnskólum og rétt foreldra til aðgangs að upplýsingum um börn sín.](#)

Grunnskólasamstarf

Samstarf við aðra grunnskóla felst einkum í því þegar börn ljúka skólagöngu við Barnaskólann og nauðsynlegar persónuupplýsingar um nemenda þurfa að fylgja við flutning nemenda milli grunnskóla. Sérkennslustýra skólans sér um að taka saman viðeigandi gögn og sjá til þess að þau flytjist með tryggum og öruggum hætti til viðtökuskóla. Ekki hefur skapast hefð fyrir því að börn í útskriftarhópi fari í skólaheimsóknir í nýja skólann á vegum Barnaskólans og því alfarið á höndum foreldra hvers barns tryggja að slíkar heimsóknir fari fram.

Bæjarsamstarf

Barnaskólinn er í samstarfi við Bókasafn Hafnarfjarðar til að auka við bókakost nemenda við skólann enda bókasafn skólans lítið. Hver barnahópur fer á bókasafnið a.m.k. einu sinni í mánuði og tekur bækur fyrir hvern mánuð í bókakassann sinn. Starfsfólk safnsins og kennarar skólans hafa tekið að sér að kenna börnunum þá grunnfærni sem þörf er á til að geta umgengist bókasafn með réttum hætti.

Grenndarsamstarf

Átta ára börn taka árlega þátt í Björtum dögum sem eru menningarhátíð bæjarins ásamt öðrum börnum í 3. bekk í skólum Hafnarfjarðar. Börnin hafa opnað hátíðina með söng á Thorsplani á

síðasta vetrardegi. Boðið hefur verið upp á myndlistar- og ukulelenámskeið fyrir 1.-4. bekk í skólanum að loknum hefðbundnum skóladegi. Gestakennarar hafa séð um kennsluna. Barnaskólinn á auk þess í góðu samstarfi við ýmsar stofnanir, eftir því hvaða verkefni liggja fyrir. Þar má nefna stofnanir eins og Barnavernd, Raddlist ehf., Sálstofuna, Sól og fleiri.

Hrafnista

Skólinn á í góðu samstarfi við Hrafnistu. Bæði hefur skólinn haft aðgang að sundlaug Hrafnistu auk þess sem árlega er heimsækja börnin íbúa Hrafnistu í aðdraganda jóla, syngja fyrir þá og gefa þeim jólakort sem þau hafa myndskreytt og skrifað á.

Víðistaðakirkja

Hefð er fyrir því að setja og slíta skólaári Barnaskólans í Víðistaðakirkju þar sem salarkynni Barnaskólans rúma ekki öll börn og foreldra í einu. Hátíðlegur bragur hefur skapast á þessum stundum í Víðistaðakirkju.